

# Minnisblað

Til: Bæjarráð  
Frá: Hafdís Gunnarsdóttir  
Dags. 21. apríl 2023  
Mnr. 2021040038



ÍSAFJARÐARBÆR

---

## Minnisblað - samningur um umsjá knattspyrnuvalla á Torfnesi 2023

Undanfarin tvö ár hefur Ísafjarðarbær gert samning við knattspyrnudeild Vestra, meistaraflokk, um umsjá með knattspyrnuvöllum og 1. hæð í vallahúsi í 6 mánuði á ári. Íþróttafélagið hefur nú óskað eftir að slíkur samningur verði gerður á ný fyrir komandi sumar.

Samningurinn sem nú er lagður fram er eins og þeir sem gerðir hafa verið síðastliðin tvö ár nema að fjárframlagið hefur aukist sem nemur 0,25 stöðugildi. Ástæðan fyrir því er að knattspyrnudeild Vestra, meistaraflokkur, telur að félagið þurfi meira fjármagn til að sinna öllu svæðinu þar sem verkefnið sé of mikið fyrir einn starfsmann. Það má vissulega færa rök fyrir þessu og því er gert ráð fyrir aukningunni. Þegar Ísafjarðarbær sinnti þessu verkefni voru ráðnir 2 sumarstarfsmenn á knattspyrnusvæðið, auk þess var starfsmaður úr íþróttahúsinu notaður í þetta verkefni á meðan forstöðumaður sinnti vallahúsi.

Samningurinn hefur engan auka kostnað í för með sér. Gert er ráð fyrir fjárframlaginu í fjárhagsáætlun sem annars hefði verið nýtt til að ráða 2 sumarstarfsmenn, ef Ísafjarðarbær hefði sinnt verkefninu. Viðbótar fjárframlagið sem nemur 0,25 stöðugildi í launaflokki 121 er tekið af Vinnuskóla Ísafjarðarbæjar þar sem ekki hefur gengið að ráða í allar flokkstjórastöðurnar og nemur sú upphæð kr.826.665.

**Sviðsstjóri skóla- og tólmstundasviðs leggur til að samningurinn verði samþykktur.**